

# 9

## Afþreying í Lundi

Þrátt fyrir erfiðar aðstæður er öllum hollt að fara aðeins út og hlaða batteríin. Ef þið hafið fengið ættingja eða vin með ykkur til Lundar, skuluð þið fá hann til að taka eina og eina vakt. Á **Deild 67** má semja við starfsfólk um að fá að skreppa út á meðan þau gæta barnsins. Á **BIVA** er barnsins að sjálfsögðu stöðugt gætt af starfsfólki.

Það ættu allir að geta fundið sér eitthvað við hæfi í Lundi og næsta nágrenni.

Þar sem flestir eru komnir með snjallsíma eða spjaldtölvur er sniðugt að sækja appið **TripAdvisor**, en þar er hægt að finna hina ýmsu veitingastaði og söfn í Lundi.

### Samgöngur

**Gengið:** Miðbær Lundar er í um 5-10 mín. göngufjarlægð suðvestur af gistiheimilinu, RMD.

**Hjól:** Á gistiheimilinu er hægt að fá lánuð hjól.

**Strætó og lestar:** Almenningsgöngur eru afar þægilegar. Strætó stoppar við **Sjúkrahótel**íð. Vagnar 2,3,4 og 6 ganga niður í bæ. Lestarstöðin er niðri í miðbæ. Sömu **kortin** gilda í strætó og lestar og fást þau í **Pressbyran** og á lestarstöðinni.

**Strætó- og lestarapp:** Skanetrafi.

**Tímatöflur** eru á öllum stoppistöðvum.

**Leigubílar:** T.d. **Taxi Lund** (s: 0046-46-330330)

Allar samgönguupplýsingar fást á **Pressbyran**.

### Umhverfið

Á svæðinu er mikið af fallegum og skemmtilegum **gönguleiðum**, gömlum byggingum, minnisvörðum og skrudgörðum. Á RMD og á sjúkrahúsinu er hægt að nálgast möppur og kort með helstu upplýsingum.

**Dómkirkjan** - steinsnar frá RMD - er sérlega falleg og þess virði að skoða.

### Matur og aðrar nauðsynjar

Í miðbæ Lundar eru tvær stórar matvöruverslanir; **Coop** og **ICA**. Coop er staðsett í miðbænum en ICA er við lestarstöðina sem er örlítið lengra frá. **Willy's** er einnig góð matvöruverslun skammt frá en þangað er tekinn strætó nr. 4. Rétt fyrir neðan RMD, í áttina að lestarstöðinni er videoleigan **Hemmavall**. Á sjúkrahúsinu og við Portvakten er Pressbyran, sem er lítil sjoppa sem selur m.a. strætókort og getur veitt ýmsar upplýsingar um ferðir.

**Saluhallen** er niðri í miðbæ en þar er hægt að fá ferskan fisk og kjöt og þar eru hinir ýmsu **veitingastaðir** og áfengisverslun.

Mikið úrval **veitingastaða** er í miðbænum og ættu allir að geta fundið sér eitthvað gott að borða, allt frá hamborgurum yfir í sushi og steikur.



### Barnavörur

Rétt hjá ICA, við lestarstöðina, er stór leikfanga- og barnavöruverslun; **Jättekul**. Þar má finna allt frá litum og Legói yfir í barnavagna og stóla. Í verslanamiðstöðinni **Nova Lund** er svo að finna fleiri barnaverslanir.

### Fatnaður

Í miðbænum er helst að nefna **H&M**, **Cubus**, **Åhlens**, **KappAhl** og **Lindex** en úrval verslana er mjög mikið og skemmtilegt og ættu allir að geta fundið eitthvað við hæfi.

### Verslanamiðstöðvar

**Nova Lund** er skemmtileg verslanamiðstö. Það tekur um 10-15 mín. að aka þangað með leigubíl en örlítið lengur með grænum strétó nr. **126** eða **137** (úr á **Fjellorondelen** – ganga í 5 mín – muna að segja bílstjóranum hvert þið ætlið) eða gulum nr. **4** (úr á **Lund Klosters Fälad** – ganga í 10 mín). Flestar þeirra verslanna sem eru í miðbænum má einnig finna í Nova Lund.

**Emporia (í Malmö)** – stærsta verslunarmiðstöð í Norðurlanda – er mjög skemmtileg. Það tekur aðeins um 15-20 mín. að fara þangað með lest (Þáगतåg eða Öresundståg – úr á **Hyllie**). Vegna stærðarinnar er gott að reikna með heilum degi í þetta brölt, en hún er 90þús m<sup>2</sup> á þremur hæðum.

### Garðar og skemmtigarðar

**Stadsparken** – Þar eru skemmtileg leiksvæði og fallett umhverfi að láta sér líða vel í.

**Botaniska garden** - Fallegur grasagarður í Lundi [www.botaniskaträdgården.se](http://www.botaniskaträdgården.se)

**Lundagård** - Er rétt fyrir neðan RMD. Þarna er skemmtilegt að ganga um og skoða fallega gosbrunna, listaverk og fuglalíf.

**Skattkamarön í Lund** – Þetta er 1000 fermetra **ævintýraland fyrir börn 1. árs og eldri**. Allir ættu að geta fundið þar eitthvað við sitt hæfi. Foreldrarnir líka! Þeir bjóða einnig börnum að halda afmælið sitt þarna með öllu tilheyrandi.

[www.mormorsskattkamaro.se](http://www.mormorsskattkamaro.se).

**Busfabriken** – (í Malmö) er einnig **ævintýraland**, ennþá stærra en Skattkamarön. Alveg stórskemmtileg upplifun!

[www.busfabriken.se](http://www.busfabriken.se)

**Stadsparken Aq-va-kul (í Malmö)** er **sundmiðstöð** þar sem má finna rennibrautir o.fl. skemmtilegt. [www.aqvakul.se](http://www.aqvakul.se)



### Líkamsrækt

**Gerdahallen** er góð líkamsræktarstöð í 5 mín. göngufjarlægð frá RMD. Fjölskyldur sem þar dvelja geta fengið **frítt líkamsræktarkort** hjá starfsfólki RMD sem gildir í viku í senn.

### Kaupmannahöfn (í Danmörku)

Aðeins tekur rúman hálf tíma að fara með lest til Kastrup og 50 mín í miðbæinn.

**Tívolí** er rétt við aðallestarstöðina og þaðan er örstutt á **Ráðhústorgið** og hina bráðskemmtilegu göngugötu, **Strikið**. Nærri Kastrup er svo að finna **The Blue Planet** sem er stærsta sjávardýrasafn á Norðurlöndum. **Dýragarðurinn** í Kaupmannahöfn er mjög flottur (hægt að fara úr Lundarlestinni á **Valby** stöðinni og þaðan er um 15 mín. gangur í dýragarðinn).